

Hverfisráð Hríseyjar

159. fundur

Fimmtudaginn 12. janúar 2023 kl. 17:00 var haldinn 159. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Ingólfur Sigfússon, Narfi Freyr Narfason og Friðrik Úlfar Ingimarsson.

Dagskrá:

1. Almenningsamgöngur á starfssvæði SSNE - málsnúmer 2022120015

Hverfisráði barst erindi frá SSNE þar sem óskað er eftir upplýsingum um almenningsamgöngur (strætó), þær leiðir sem nú eru keyrðar og hugmyndum um hvernig hægt er að auka notkun þeirra

Hverfisráð tók saman greinargerð um tengsl áætlunar strætó og áætlunar Hríseyjarferjunnar. Þar kemur m.a. fram:

Helsta vandamálið við áætlun strætó og tengingu við Hrísey og áætlun Hríseyjarferjunnar í dag er að strætó gengur ekki niður á Árskógssand heldur stoppar við vegamótin. Vegalengdin frá landgangi Hríseyjarferjunnar upp að vegamótum er 2,2 km sem er ekki ásættanleg vegalengd til að ganga nema mögulega yfir hásumar fyrir þá sem ferðast með lítinn eða engan farangur. Eldri borgarar og ung börn gætu átt erfitt með gönguna en ganga þarf meðfram veginum sem getur verið mjög hættulegt. Ekkert biðskýli er við vegamótin svo það er ekki í boði að setjast og bíða í skjóli eftir strætó við vegamótin. Miðað við núverandi tímatöflu strætó og þá staðreynd að hann gengur ekki niður á Árskógssand er ekki hvetjandi fyrir fólk að nýta sér þjónustuna.

Ef strætó færi niður á Árskógssand gæti fólk þó beðið í biðskúrnum við ferjubryggjuna, en þar er bæði salernisaðstaða, stólar, rafmagn og hiti og því töluvert auðveldara að sitja og bíða, annað hvort eftir strætó til að komast frá Hrísey eða að bíða eftir næstu ferð Hríseyjarferjunnar.

2. Önnur mál

- Í vinnslu er könnun fyrir íbúa Hríseyjar þar sem kannað er hverjir gætu hugsað sér að notfæra sér aukna opnun á líkamsræktaraðstöðunni í íþróttamiðstöðinni ef samþykkt yrði að mögulegt yrði að komast í aðstöðuna utan opnunartímar með sérstökum samningi við notendur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Ingólfur Sigfússon
Narfi Freyr Narfason
Friðrik Úlfar Ingimarsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon